

Siglingastofnun Íslands
Sigurður Sigurðarson
Vesturvör 2
200 Kópavogur

2003030058
4607; 9310

Reykjavík, 28. apríl 2003
/--

Efni: Sjóvarnir að Björgum á Patreksfirði, Vesturbyggð. Ákvörðun um matsskyldu.

Vísað er til erindis Siglingastofnunar dags. 18. mars 2003 þar sem Skipulagsstofnun er tilkynnt gerð sjóvarna að Björgum á Patreksfirði samkvæmt 6. gr. laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum og lið 10 h í 2. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði álits Vesturbyggðar, Fornleifaverndar ríkisins og Umhverfisstofnunar. Umsagnir bárust frá Vesturbyggð með tölvupósti dags. 16. apríl 2003, Fornleifavernd ríkisins með bréfi dags. 10. apríl 2003 og Umhverfisstofnun með bréfi dags. 31. mars 2003.

FRAMLÖGÐ GÖGN FRAMKVÆMDARAÐILA

Fyrirhuguð framkvæmd

Í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að fyrirhuguð sé gerð um 70-80 m langrar sjóvarnar við íbúðarhverfi að Björgum. Á þessu svæði hafi rofist um 3 m af lóðum þriggja íbúðarhúsa á undanförunum árum vegna ágangs sjávar. Áætlað efnismagn vegna fyrirhugaðra framkvæmda sé um 1200 m³ og verði efni tekið úr opinni námu á Kleifarheiði sem nýtt hafi verið til vegaf framkvæmda.

ÁLIT UMSAGNARAÐILA OG SVÖR FRAMKVÆMDARAÐILA

Í umsögn Vesturbyggðar kemur fram það álit að framkvæmdin skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum. Fornleifavernd ríkisins bendir á að þar sem vettvangsskráning fornleifa hafi ekki verið gerð liggi ekki fyrir hvort leifar mannvirkja sé að finna á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði en það verði að teljast ólíklegt vegna mikils ágangs sjávar. Stofnunin telji ekki að framkvæmdin skuli háð mati á umhverfisáhrifum. Í umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að fyrirhugaðar sjóvarnir séu á svæði sem þegar hafi verið raskað og telur ekki að

fyrirhuguð gerð sjóvarnar muni hafa veruleg umhverfisáhrif í för með sér.

NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Um er að ræða gerð um 70-80 m langrar sjóvarnar til að verjast rofi við íbúðarhverfi að Björgum á Patreksfirði. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 10 h í 2. viðauka í lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.

Fyrirhugaðar framkvæmdir munu taka til afmarkaðs svæðis, efnisþörf er lítil og fyrir liggur að framkvæmdasvæði hefur þegar verið raskað. Ekki er líklegt að mannvistarleifar finnist á svæðinu.

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu framkvæmdaraðila við tilkynningu og umsagnir. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að gerð sjóvarna að Björgum á Patreksfirði, Vesturbyggð sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Fyrirhugaðar framkvæmdir kalla að mati Skipulagsstofnunar ekki á breytingu á gildandi Aðalskipulagi Patreksfjarðar 1980-2000. Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdirnar eru háðar framkvæmdaleyfi Vesturbyggðar skv. 27. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.b.

Samkvæmt 6. gr. laga nr. 106/2000 má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 30. maí 2003.

Hólmfríður Sigurðardóttir

Jakob Gunnarsson

Afrit.

Umhverfisráðuneytið, Vesturbyggð, Fornleifavernd ríkisins og Umhverfisstofnun